

34
19. júní

slitlag úr öðru varanlegu efni. Ráðherra ákveður með reglugerð skiptingu þessa fjár milli aðilja, og er heimilt að krefjast jafnmikils framlags í móti frá hlutaðeigendum. Að því leyti, sem þessi hluti skattsins verður ekki notaður árlega, skal geyma hann í sérstökum sjóði, er nefnist „sjóður til malbikunar á bæjarvegum“, í vörzlum atvinnumálaráðuneytisins.

6. gr.

Orðin í 11. gr. laganna „og gilda til ársloka 1933“ falli burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

35
19. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Störmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.